

Ársskýrsla

2021



European
Gymnastics

- 1** FORMÁLI
2 STJÓRN OG SKRIFSTOFA FSÍ
3 TAKK FYRIR
4 ÞJÓÐARLEIKVANGUR FYRIR ALLA
5 COVID TÍMALÍNA
7 KJÖR SAMTAKA ÍPRÓTTAFRÉTTAMANNA
9 FIMLEIKAHRINGURINN
10 ÚTBREYÐSLUVERKEFNI
11 NEMAR, NÚTÍMAFIMLEIKAR OG NÝR FIMLEIKASTIGI
12 FRÆÐSLA
13 INNLEND MÓT
17 BIKARMÓT
15 ÍSLANDSMÓT
19 UPPSKERUHÁTÍÐ
22 HEIÐURSVERÐLAUN
25 ERLEND VERKEFNI
31 DÓMRAR Á ÓLYMPÍULEIKUNUM
33 NEFNDIR FSÍ
38 ÁRSREIKNINGUR





EFLA

VAXA



LEIÐA

66°
NORTH

GK

SJÓVÁ



MARKA

AFREKA



VIÐ ERUM ÖLL
FSÍ

CRAFT



FORMÁLI

Ágætu þingfulltrúar, velkomin á Fimleikaþing 2022

Undanfarin tvö ár hafa verið sérstök og hafa reynt á okkur öll sem samfélag. Við lærðum margt á þessum tíma, þar sem þrautseigja, eljusemi og samstaða fimleikahreyfingarinnar var eftirtektarverð.

Nú er svo loksins komið að því að við getum átt saman Fimleikaþing í raunheimum, þar sem okkur gefst tækifæri til að marka okkur stefnu til framtíðar, rýna til gagns það sem betur má fara og hlúa að fimleikahreyfingu með samstöðu og samvinnu, fimleikum í landinu til framdráttar.



Heimsfaraldurinn setti sannarlega mark sitt á starfið á árinu, mikill tími og kraftur skrifstofu og fagnefnda hefur farið í ný og áður óséð verkefni, ásamt því að endurskipulagning hefur litað starfið mikið.

Tæknin hefur skapað sér stærri sess í starfinu á undanförnum árum og var áhugavert að leggja fyrsta móti sem fór fram á internetinu lið, þrátt fyrir að við séum öll sammála um að fyrirkomulagið sé ekki eftirsóknarvert, þá er gott að geta leitað í það og skapað þannig verkefni ef við stöndum frammi fyrir álíka aðstæðum á ný.

Aðildarfélög FSÍ hafa á þessum tímum unnið þrekvirki, hvert sem litioð er má sjá fagmennsku, metnað og umhyggjan fyrir iðkendum skín í gegn. Mig langar til að þakka félögunum fyrir óeigingjarna vinnu í þágu sinna félagsmanna, lausnamiðuð vinna hefur fengið nýja merkingu og hefur það verið aðdáunarvert að fylgst með kraftmiklu starfi í öllum þeim fjölbreyttu aðstæðum sem árið hefur boðið upp á.

Starfsemi sambandsins heldur áfram að vaxa og nú er svo komið að helgarnar í árinu eru flest allar undirlagðar. Næsta haust bætast fræðsluhelgar við dagskrána í nýju og endurbættu fræðslukerfi, ásamt dómaranámskeiðum í öllum greinum. Það er því ljóst að næsta starfsár verður undirlagt fimleikaviðburðum, þannig að allir ættu að finna viðburð við sitt hæfi.

Árangur ársins 2021 fer í sögubækurnar og afreksfólkið okkar stóð sig frábærlega. Í sumar fer svo fram Norðurlandamót í áhaldafimleikum í samvinnu við Íþróttafélagið Gerplu, þar gefst okkur tækifæri til að hvetja landsliðsfólkið okkar áfram á heimavelli og sýna þeim hversu stolt við erum af þeim.

Áfram Ísland !! Við sjáumst á pöllunum !!

Kristinn Arason, formaður FSÍ

STJÓRN FSÍ

2021 - 2022

Stjórn kjörin á þingi Fimleikasambands Íslands 4. september 2021

Kristinn Arason

FORMAÐUR

**Halldóra
Guðvarðard.**

RITARI

**Magnús H.
Jónasson**

MEÐSTJÓRNANDI

Sigurbjörg Fjölnisdóttir

VARAFORMAÐUR

Marta Sigurjónsdóttir

MEÐSTJÓRNANDI

**J. Hanna
Jóhannesdóttir**

VARASTJÓRN

Þór Ólafsson

GJALDKERI

Axel Þór Eysteinsson

MEÐSTJÓRNANDI

Guðbjörg Snorradóttir

VARASTJÓRN

SKRIFSTOFA FSÍ



Framkvæmdastjóri

Sólveig Jónsdóttir



Afreksstjóri hópfimleika

Edda Dögg Ingibergsdóttir



Fjármálastjóri

Eva Hrund Gunnarsdóttir



Upplýsinga- og tæknistjóri

Fjóla Þrastardóttir



Fræðslustjóri

Helga Svana Ólafsdóttir



Afreksstjóri hópfimleika -
fæðingarorlof

Íris Mist Magnúsdóttir



Landsliðsbjálfari áhaldafimleika
karla

Róbert Kristmannsson



Mótastjóri áhaldafimleika

Þorbjörg Gísladóttir



Afreksstjóri áhaldafimleika

Þórey Kristinsdóttir

TAKK FYRIR

**Afturelding
Ármann
Björk
FIMAK
Fjölnir
Fylkir
Gerpla
Grótta
Höttur
ÍA
Rán
Selfoss
Sindri
Stjarnan**

Fimleikasambandið er þakklátt fyrir að félögin opni sali sína fyrir landsliðum og fræðsluviðburðum. Þetta er mikilvæg samvinna fyrir fimleikafólkið okkar sem skilar sér í árangri sem eftir er tekið. Vonandi gerist það einhvern tíman að Fimleikasambandið eignast aðstöðu þó það sé fjarlægur draumur í augnablikinu. Með vaxandi þátttöku í íþróttinni er þörfin vissulega til staðar.

ÞJÓÐALEIKVANGUR FYRIR ALLA

Það sem ekki allir vita, er að afreksfólk í fimleikum er ekki einungis búið að leggja á sig vinnuna við að ná árangri, heldur hefur það einnig borgað með sér í sín verkefni, það hefur æft á föstudags- og laugardagskvöldum þar sem að öll fimleikahús landsins eru smekkfull og Fimleikasamband Íslands upp á velvild félaganna komið með æfingatíma fyrir landsliðin. FSÍ er félögunum gríðarlega þakklátt en óttast á sama tíma að stutt sé í að komið sé að þolmörkum eftir því sem vinsældir fimleika aukast og sú staða komi upp innan fárra ára að landslið í fimleikum verði heimilislaus.

2021 var stórkostlegt ár fyrir fimleika, þrátt fyrir að í raun segi allt í okkar ytra umhverfi að sá árangur sem náðist eigi ekki að vera mögulegur fyrir svo fámenna þjóð. Ástríðan og viljinn til að ná árangri skiliðu Evrópumeistararatíli í hús og frábærum árangri okkar landsliðsfólks í áhaldafimleikum á árinu.

Nú skulum við öll leggjast á eitt með sömu ástríðu að vopni og láta verkin tala þannig að hér verði risinn þjóðarleikvangar á næstu misserum, fyrir íþróttir. Ef við ætlum að ná markmiðum okkar um jafna stöðu kynjanna þurfum við að horfa til fjölbreytninnar innan íþróttahreyfingarinnar og uppfylla þarfir hennar, þannig að allt okkar afreksfólk geti haldið áfram að setja sér háleit markmið. Þjóðarleikvangur kostar lítið brot af fyrirhuguðum kostnaði vegna nýs Landsspítala, en forvarnaráhrifin gríðarleg með uppbyggingu afreksfólks í íþróttum sem smitar áhuga til allra krakka í landinu.

Við þurfum einnig að huga að viðburðum þar sem áherslan er á þáttöku, þá getum við skapað aðstæður þar sem ungmennin hafa sjálf ákvörðunarvald varðandi sína þáttöku í viðburðum með fjölbreytileikann í aðalhlutverki. Þannig getum við aukið þáttöku í skipulögðu íþróttastarfi og stutt við lýðheilsumarkmið um leið og við aukum fjölbreytileika iðkenda, samfélaginu til heilla.

Vísbendingar eru um að sterkt samband sé á milli aukinnar hreyfingar og frammistöðu í námi, vellíðanar og sjálfstrausts. Við leggjum mikla áherslu á að reyna að þjónusta alla, óháð kyni, getu, aldri, félagslegri stöðu og við höfum verið að fjölga viðburðum fyrir börn með fatlanir.

Sú tilfinning að fá að uppskera er mikilvæg upplifun fyrir alla. Þannig langar okkur að nýta þjóðarleikvang Íslendinga.

Fyrir alla.

COVID TÍMALÍNA - 2021

2021 var erfitt ár fyrir alla en þó mjög lærðómsríkt, miklar áskoranir mættu öllum í landinu og þurfti fimleikahreyfingin að vinna í lausnum.

JANÚAR

- 13** Æfingar og keppni heimilaðar á ný – 50 manna hólf.
- 20** Tillaga FSÍ um mótaframkvæmd á Covid tímum samþykkt.

FEBRÚAR

- 4** Opnað fyrir umsóknir um greiðslur til lögaðila innan vébanda ÍSÍ vegna launakostnaðar og verktakagreiðslna á tímum kórónuveirufaraldurs.
- 6** Fyrsta móttársins!
- 9** Mótareglur sendar félögunum – Keppni leyfð með miklum takmörkunum. Áhorfendur ekki leyfðir en hverju félagi leyfilegt að bjóða 5 stjórnarmönnum á móttá.
- 24** 200 áhorfendur leyfðir í sama rými, með miklum takmörkunum.

MARS

- 8** Fréttir berast af tveimur innanlandssmitum utan sóttkvíar. Áminning send á alla íþróttahreyfinguna að vera á varðbergi gagnvart vágestinum.
- 26** 10 manna samkomubann, 2 metra reglu þarf að viðhafa í hvívetna og algert bann á notkun sameiginlegs búnaðar. Æfingar barna á leikskólaaldri bannaðar. Mótahald FSÍ fellt niður.

APRÍL

- 7** Fimleikabingi, sem fyrirhugað var 29. maí, frestað til 4. september.
- 12** Norðurlandamóti unglings í áhaldafimleikum karla, kvenna og drengja frestað.
- 16** Fjöldatakmörkun á æfingum og í keppni eru 50 manns. Mótahald FSÍ liggur niðri.

MAÍ

- 6** Loks sjáum við fram á bjartari tíma og fimm móttá á dagskrá.
- 10** Hámarksfjöldi á æfingum og í keppni fer úr 50 í 75 manns. 150 áhorfendur leyfðir í hverju hólfí.

JÚNÍ

- 1** Unglingalandslið Íslands í áhaldafimleikum karla keppti á Junior Team Cup í gegnum internetið.
- 25** Aflétting allra samkomutakmarkana.

ÁGÚST

- 13** Hertar samkomutakmarkanir - 100 manns mega æfa saman og 200 áhorfendur leyfðir í hverju hólfí.

OKTÓBER

- 15** Tilstklakanir á samkomutakmörkunum. 200 manns mega æfa saman og 500 áhorfendur leyfðir - hraðpróf skylda.
- 15** Unglingalandslið Íslands kepptu í gegnum beint streymi á Norðurlandamóti unglings í áhaldafimleikum.
- 17** Verulegar tilslakanir á samkomutakmörkunum. 2000 manns mega æfa saman og 2000 áhorfendur leyðir - hraðpróf skylda.

NÓVEMBER

- 5** Hertar - samkomutakmarkanir - 500 manns mega æfa saman og 1500 áhorfendur leyfðir í hólfum - hraðpróf skylda.
- 13** Hertar - samkomutakmarkanir - 50 manns mega æfa saman og 500 áhorfendur leyfðir í hólfum - hraðpróf skylda.
- 19** Framhaldsþingi FSÍ sem átti að fara fram 27. nóvember hefur verið aflýst í samkomulagi við þau aðildarfélög sem áttu þingfulltrúa á Fimleikaþingi 2021.

DESEMBER

- 13** Haustmóti í hópfimleikum og stökkfimi frestað.
- 21** Hertar samkomutakmarkanir - 50 manns mega æfa og en aðeins 20 manns mega koma saman. 200 áhorfendur leyfðir - hraðpróf skylda.
- 24** 20 manna jóla- og nýársbúbbla.

KJÖR SAMTAKA ÍÞRÓTTAFRÉTTAMANNA

— Lið ársins!

Kvennalandsliðið í hópfimleikum var valið lið ársins 2021 af Samtökum íþróttafréttafamanna. Liðið hreppti titilinn fyrir gott gengi á Evrópumótinu í byrjun desember þar sem liðið tryggði sér fyrsta sæti eftir harða keppni við Svíþjóð. Kvennalandsliðið hlaut afgerandi kosningu og var þetta í annað sinn sem liðið varð fyrir valinu sem lið ársins því það hlaut einnig verðlaunin árið 2012, þegar verðlaun fyrir lið ársins voru veitt í fyrsta sinn.

Liðið fór ekki leynt með markmið sín og var stefnan sett á gullið strax í upphafi æfingatímabilsins. Eftir að hafa verið í öðru sæti síðustu þrjú Evrópumót var einstaklega sætt að horfa á liðið loksns ná Evrópumeistaratinum til baka, en Ísland hefur tvisvar sinnum áður unnið titilinn í kvennaflokki, árið 2010 og 2012.

ÞAÐ SEM EINKENNDI LIÐIÐ VAR GÓÐ LIÐSHEILD, VIÐ VORUM ALLAR MJÖG SAMSTILLTAR OG ÞETTA VERKEFNI VAR Í FORGANGI HJÁ ÖLLUM Í LIÐINU. ÞAÐ VAR SVAKALEGA GÓÐUR MÓRALL OG VIÐ VORUM DUGLEGAR AÐ HVETJA HVOR AÐRA.

Fimleikasamband Íslands óskar Kvennalandsliði Íslands innilega til hamingju með titilinn.



– 2. sæti í kjöri á íþróttamanni ársins

Aldrei hefur fimleikakona, verið ofar í kjörinu á Íþróttamanni ársins en Kolbrún Þöll Þorradóttir. Kolbrún varð í 2. sæti í kjörinu á Íþróttamanni ársins 2021. Hún fékk 387 stig í kjörinu, 58 stigum minna en handboltamaðurinn Ómar Ingi Magnússon og því nokkuð mjótt á munum. Samherji Kolbrúnar í kvennaliðinu, Ásta Kristinsdóttir, varð í 14. sæti í kjörinu á Íþróttamanni ársins með 31 stig. Helgi Laxdal Aðalgeirsson, úr karlaliðinu sem vann silfur á EM, varð í 16. sæti með 24 stig. Þau voru bæði valin í úrvalslið EM.

Kolbrún var í lykilhlutverki í íslenska kvennaliðinu sem varð Evrópumeistari í hópfimleikum í desember. Hún framkvæmdi erfiðustu stökk mótsins og var valin í úrvalslið þess í fjórða sinn. Þá varð Kolbrún Íslands- og bikarmeistari með Stjörnunni.

Sem fyrr sagði hefur fimleikakona aldrei verið ofar í kjörinu á Íþróttamanni ársins en Kolbrún. Tvisvar hefur fimleikafólk verið í 3. sæti í kjörinu; Rúnar Alexandersson 2004 og Íris Mist Magnúsdóttir 2010.

Fimleikasamband Íslands óskar Kolbrúnu Þöll innilega til hamingju með titilinn.



FIMLEIKAHRINGURINN

Fyrsta sýning Fimleikahringsins var haldin á Akranes þann 20. júlí. Karlalandsliðið í hópfimleikum ásamt Jóni Sigurði landsliðsmanni í áhaldafimleikum og sirkuslistamanni héldu svo áfram hringinn í kringum landið.

Fimleikahringurinn fór fram dagana 20. - 28. júlí. Eins og árið áður fór tökulið með hringinn og í kjölfarið var framleidd önnur heimildarmynd. Fimleikahringurinn stoppaði á 5 stöðum á landinu; á Akranesi, Akureyri, Egilsstöðum, Selfossi og í Reykjavík. Landsliðshópur kvenna sameinaðist Fimleikahringnum á Selfossi og landsliðshópar unglings mættu í Reykjavík, þar sem allir landsliðshópar voru kynntir og sýndu með í lokasýningu Fimleikahringsins. Það var frítt á allar sýningar hópsins og voru allir velkomnir. Að sýningu lokinni var svo öllum viðstöddum boðið að spreytta sig á áhöldunum með hjálp landsliðsmannanna. Að auki var Jón Sigurður að aðstoða gesti og gangandi við að framkvæma sirkus trix.



ÚTBREIÐSLUVERKEFNI



Markmið verkefnisins var að skapa vettvang fyrir iðkendur til að æfa saman, læra af hver öðrum og kynnast sem samherjar en ekki mótherjar. Áhersla var lögð á samvinnu félaga og þjálfara. Markmiðið var einnig að fjölgja drengjum í íþróttinni og var stefnan sett á að ná í drengjalið fyrir Evrópumót í hópfimleikum á næstu árum.

Fyrsta æfingin á árinu fór fram í júní í húsakynnum Stjörnunnar undir stjórn Eysteins Mána Oddssonar, en honum til aðstoðar voru þeir Magnús Óli Sigurðsson og Alexander Sigurðsson. Æfingin var í boði fyrir þá sem æfa nú þegar fimleika en eru ekki í úrvalshópi landsliða. Uppfylla þurft ákveðin lágmörk til að taka þátt í æfingunum, sem voru breytileg og send út fyrir hverja æfingu. Æfingarnar gengu vel og mættu 17 drengir í kk yngri og 24 drengir í kk eldri.

Í júní fór einnig fram fyrsta opna æfingin á árinu, þar sem drengjum fæddum 2005-2011 var boðið að mæta. Æfingin var haldin í fimleikhúsinu á Akranesi undir stjórn Magnúsar Óla Sigurðssonar og Alexanders Sigurðssonar, þeim til aðstoðar var Eysteinn Máni Oddsson. Á æfinguna mættu um 20 drengir sem fengu bæði að kynnast íþróttinni og prófa nýja hluti.

Stefnt var á að halda fleiri æfingar en vegna Covid-19 ástandssins í þjóðfélaginu þurfti að fella þær niður.

NEMAR Á SKRIFSTOFU FSÍ

Skrifstofa FSÍ var þeirrar gæfu aðnjótandi að fá tvo nema til starfa frá Háskólanum í Reykjavík í maí. Nemarnir voru þær Guðrún Lind Ásmarsdóttir og Arna Björk Helgadóttir en þær eru báðar í íþróttatrafæðinámi og þjálfa hópfimleika í Ármanni. Stelpurnar reyndust okkur mikil hjálp, þær aðstoðuðu okkur við að setja upp mótt, komu að skipulagningu á gögnum FSÍ og fóru í hugmyndavinnu varðandi Fimleika fyrir alla. Við þökkum þeim kærlega fyrir samstarfið og hlökkum til að fylgjast með þeim blómstra í framtíðinni.

NÚTÍMAFIMLEIKAR FYRIR FATLAÐA

Á árinu 2021 varð Íþróttafélagið Ösp að nýju aðildarfélagi FSÍ en félagið býður upp á nútímafimleika fyrir fatlaða og hefur boðið upp á íþróttagreinina frá árinu 2016. Sigurlín Jóna Baldursdóttir hafði frumkvæði á þeim tíma að hefja nútímafimleikajálfun hjá féluginu eftir að hafa sótt námskeið á vegum Special Olympics á Ítalíu sama ár. Eftir að Sigurlín flutti úr Reykjavík tók Ragnhildur Sigríður Marteinsdóttir við yfirþjálfun hópsins.

Með því að gerast aðildarfélagi FSÍ mun mótaðal Asparinnar færast til FSÍ ásamt því að þjálfarar þess geta sótt fræðslu, aðstoð og aðra þekkingu til FSÍ. Fjöldi iðkanda hefur vaxið undanfarið ár en í dag æfa 15 iðkendur nútímafimleika, 11 í eldri hóp og 4 í þeim yngri. Eldri hópurinn æfir tvívar sinnum í viku og yngri hópurinn einu sinni í viku.

Spennandi tímar eru framundan hjá stúlkunum þar sem að á árinu 2023 munu iðkendur frá féluginu fara til Berlínar á Special Olympics. Við erum ánægð með þessa nýju viðbót inn í FSÍ - Verið þið velkomin!

NÝR ÍSLENSKUR FIMLEIKASTIGI

Íslenski Fimleikastiginn var gefinn út í tíunda sinn en sá fyrsti kom út árið 1985. Fimleikastiginn er gefinn út á fjögurra ára fresti og helst útgáfa í hendur við nýjar dómarareglur Alþjóðlega Fimleikasambandsins (FIG) í upphafi hvers Ólympíuhrings.

Fimleikastiginn er áfram byggður upp á sex til átta þrepum ætluðum til æfinga og keppni í áhaldafimleikum. 5. – 1. þrep eru ætluð til keppni á móttum FSÍ. Fimleikastiginn var birtur í rafrænu formi, en að auki var hann kynntur í fyrsta skipti með sýningarmyndböndum í áhaldafimleikum karla og kvenna.

FRÆÐSLA

— Fræðsludagurinn

Fræðsludagur Fimleikasambandsins fór fram laugardaginn 18. september. Um 50 þjálfarar mættu í veislusal Þróttar í Laugardalnum og hlýddu á fyrirlestra þessa árs. Auk þeirra 50 sem mættu á staðinn hafa tæplega 300 þjálfarar lokið Fræðsludeginum í Canvas, kennsluforriti sem tekið hefur verið í gagnið. Fyrirlestrarnir voru bæði teknir upp á íslensku og ensku og settir inn í Canvas, þannig náum við til lang flestra þjálfara okkar. Við fengum til okkar þrjá fyrirlesara sem töku fyrir mismunandi málefni:

- Liðsheild – Jón Halldórsson, framkvæmdastjóri KVAN
- Innri áhugahvöt – Helgi Valur Pálsson, íþróttasálfræðiráðgjafi
- Snemmtæk afreksvæðing – Viðar Halldórsson, prófessor í félagsfræði

— Þjálfara- og dómaranámskeið

Fyrri hluta árs fóru fram tíu námskeið þar sem þjálfarar voru að hefja sína þjálfaramenntun eða taka framhaldsnámskeið. Af þessum tíu námskeiðum voru fimm sem fóru fram á landsbyggðinni. Á árinu hélt vinna við endurbætur á fræðslukerfinu áfram. Engin námskeið voru haldin á haustönn, bæði vegna Covid og þeirra endurbóta sem stóðu yfir á fræðslukerfinu.

Engin dómaranámskeið voru haldin árið 2021. Endurnýjun á reglum í öllum greinum frestaðist vegna Covid og stendur til að halda dómaranámskeið 2022 í áhaldafimleikum karla og kvenna og í hópfimleikum.



INNLEND MÓT

ÁRIÐ 2021 VORU HALDIN 16

MÓT Á VEGUM

FIMLEIKASAMBANDSINS

Á mónum sambandsins voru 3.894 keppendur skráðir til leiks. Keppt var á átta hópfimleikamótum og átta áhaldafimleikamótum. Covid-19 hafði ekki eins mikil áhrif á keppnistímabilið og á árinu 2020 en þá voru einungis haldin 5 mótt, eða 11 mónum færri en í ár. Þrátt fyrir að mónum fjöldaði á milli ára þá þurfti að fresta og/eða fella niður nokkur mótt vegna faraldursins.

Það var mikil gleði fyrir fimleikahreyfinguna að geta loksins mætt aftur á mótt og hlakkum við mikið til að móta hald komist aftur í eðlilegt horf.

FSÍ þakkar mótshöldurum fyrir gott starf í þágu fimleika á Íslandi.

#FYRIRISLAND

#FIMLEIKARFYRIRALLA

#ISLENSKIRFIMLEIKAR



Fjöldatölur innlend mótt 2021

S.	Mót	preparamót 2	preparamót 1. - 3. þrep	Bikarmót unglinga í hópfimleikum	GK bikarmót í hópfimleikum	Bikarmót í stökkfimi	Bikarmót í áhaldafimleikum	Íslandsmóttar í áhaldafimleikum	Bikarmót í hópfimleikum	Íslandsmóttar í þrepum	GK meistaramót í áhaldafimleikum	Íslandsmóttar í stökkfimi	Vormót B og C deilda í hópfimleikum	þrepamót 3 og íslandsleikar Special Olympics	Íslandsmóttar í hópfimleikum	þrepamót 1	Haustmót í áhaldafimleikum	Samanlagt per félag:	16	176	257	227	11	279	178	326	165	873	143	0	6	124	55	218	0	246	0	495	115	3.894
þ	þrepamót 2	ÁH	0	31	43	0	0	17	25	43	76	5	0	0	0	0	23	0	0	18	0	281	Gerpla																	
þ	þrepamót 1. - 3. þrep	ÁH	0	21	27	0	0	16	9	16	37	15	0	0	0	0	19	0	0	10	0	170	Björk																	
þ	Bikarmót unglinga í hópfimleikum	HÖP	70	15	0	0	98	16	41	0	119	26	0	0	27	0	20	0	83	0	74	45																		
þ	GK bikarmót í hópfimleikum	HÖP	22	28	0	0	30	23	25	0	63	0	0	0	24	0	12	0	33	0	72	0																		
þ	Bikarmót í stökkfimi	HÖP	0	0	11	0	0	0	24	0	28	16	0	0	14	8	0	0	7	13	121	Gróttá																		
þ	Bikarmót í áhaldafimleikum	HÖP	0	15	27	0	0	15	12	17	56	17	0	0	0	19	0	0	9	0	187	Gerpla																		
þ	Íslandsmóttar í áhaldafimleikum	ÁH	0	2	11	0	0	2	4	0	15	3	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0																		
þ	Bikarmót í hópfimleikum	HÖP	10	27	0	0	25	0	15	0	60	11	0	0	27	0	21	0	32	0	70	0																		
þ	Íslandsmóttar í þrepum	ÁH	0	12	16	0	0	12	8	17	32	3	0	0	0	0	19	0	0	12	0	131	Ármann																	
þ	GK meistaramót í áhaldafimleikum	ÁH	0	5	0	0	0	4	4	2	13	6	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0																		
þ	Íslandsmóttar í stökkfimi	HÖP	0	0	16	11	5	0	11	0	26	0	0	0	6	0	15	0	0	0	0	11																		
þ	Vormót B og C deilda í hópfimleikum	HÖP	38	28	0	0	42	32	33	0	44	29	0	0	16	17	0	0	21	0	11	34																		
þ	þrepamót 3 og íslandsleikar Special Olympics	ÁH	0	35	48	0	0	11	34	35	75	0	0	0	0	0	23	0	0	0	0	345																		
þ	Íslandsmóttar í hópfimleikum	HÖP	36	27	0	0	79	23	44	0	132	0	0	0	30	9	33	0	77	0	150	12																		
þ	þrepamót 1	ÁH	0	3	16	0	0	0	26	21	58	0	0	0	0	0	8	0	0	11	0	143																		
þ	Haustmót í áhaldafimleikum	ÁH	0	8	12	0	0	7	11	14	39	12	0	0	0	13	0	0	13	0	129	Fjölnir																		
Hlutfall per félag:		5%	7%	6%	0%	7%	5%	8%	4%	22%	4%	0%	0%	3%	1%	6%	0%	6%	0%	13%	3%																			
Hlutfall per félag:		10	5	7	16	4	9	3	11	1	12	18	17	13	15	8	18	6	18	2	14																			
HÖP		8	176	140	54	11	279	109	205	17	528	99	0	6	124	55	113	0	246	0	393	115	2.670																	
ÁH		8	0	86	130	0	0	52	96	105	269	39	0	0	0	82	0	0	84	0	943																			
Hlutfall per félag:		6%	9%	14%	0%	0%	6%	10%	11%	29%	4%	0%	0%	0%	9%	0%	0%	9%	0%	0%	0%																			

Höfuðborgarsvæðið
Landsbyggðin

2.717 70%
1.117 30%

ÍSLANDSMÓT Í ÁHALDAFIMLEIKUM

Íslandsmót í áhaldafimleikum fór fram í Ármanni. Mikil eftirvænting var eftir mótinu þar sem ekki hafði verið haldið Íslandsmót frá árinu 2019. Keppendur voru búnir að æfa eins og hægt var miðað við lokanir og takmarkanir á íþróttastarfi og var ekki að sjá að ástandið hafi haft mikil áhrif á okkar fremsta fimleikafólk. Mótið var sýnt í beinni útsendingu á RÚV og var allt hið glæsilegasta.

Í kvennaflokki var það Nanna Guðmundsdóttir úr Gróttu sem bar sigur úr býtum en þetta var hennar fyrsti íslandsmeistaratitill. Nanna fékk í heildarstig 45.700, í 2. sæti var Gerplukonan Hildur Maja Guðmundsdóttir með 45.200 stig og í því þriðja Margrét Lea Kristinsdóttir úr Björk með 43.800 stig.

Í karlaflokki sigraði Valgarð Reinhardsson úr Gerplu með 79.000 stig, en þetta var fimmti íslandsmeistaratitill Valgarðs. Í 2. sæti varð Jónas Ingi Þórisson, Gerplu, með 75.950 stig og í því þriðja Eyþór Örn Baldursson, einnig úr Gerplu með 71.700 stig.

Íslandsmeistarar unglings voru Freyja Hannesdóttir úr Gróttu og Dagur Kári Ólafsson úr Gerplu.



1. stæti - Valgarð Reinhardsson, Gerplu
2. stæti - Jónas Ingi Þórisson, Gerplu
3. stæti - Eyþór Örn Baldursson, Gerplu



1. stæti - Nanna Guðmundsdóttir, Gróttu
2. stæti - Hildur Maja Guðmundsdóttir, Gerpla
3. stæti - Margrét Lea Kristinsdóttir, Björk

ÍSLANDSMÓT Í HÓPFIMLEIKUM

Íslandsmótið í hópfimleikum fór fram hjá ÍA á Akranesi. Eins og í áhaldafimleikunum hafði ekki verið Íslandsmót í hópfimleikum frá árinu 2019 og því mikil spenna fyrir mótinu. Keppendur sýndu okkur frábæra fimleika og var ekki að sjá að æfingastopp hefði haft mikil áhrif á okkar fólk. Valgerður Sigfinnsdóttir úr Gerplu braut blað í sögu fimleika, þegar hún var fyrsta kona til að keppa með þefallt heljarstökk með hálfri skrúfu á hópfimleikamóti.

Að þessu sinni mætti Stjarnan til leiks með tvö karlalið og var það Stjarnan 1 sem bar sigur úr býtum með 54.700 stig. Í kvennaflokki var það einnig lið Stjörnunnar 1 sem sigraði með 59.150 stig, í 2. sæti varð lið Gerplu með 56.800 stig og í 3. sæti var það lið Stjörnunnar 2 með 48.450 stig. Íslandsmeistarar unglings í stúlknaflokki var lið Gerplu og Íslandsmeistarar blandaðra liða var lið Selfoss.



Stjarnan 1 - Íslandsmeistarar



Stjarnan 1 - Íslandsmeistarar

BIKARMÓT Í ÁHALDAFIMLEIKUM

Bikarmót í áhaldafimleikum fór fram í Íþróttafélaginu Gerplu. Það er gaman að segja frá því að á þessu móti keppti lið frá FIMAK og var þetta í fyrsta skipti sem FIMAK sendir lið til keppni í áhaldafimleikum kvenna í frjálsum æfingum.

Í kvennaflokki sigraði Björk A með 134.600 stig, í 2.sæti var lið Gerplu með 129.750 stig og í því þriðja var Björk B með 119.150 stig.

Í karlaflokki var það Gerpla 1 sem sigraði með 226.129 stig, í 2. sæti var lið Gerplu A með 194.962 stig og í 3. sæti Fjölnir með 169.725 stig.

Bikarmeistarar unglings í stúlknafllokki var lið Ármanns og í drengjaflokki Björk.



Björk A - Bikarmeistarar kvenna



Gerpla 1 - Bikarmeistarar karla

BIKARMÓT Í HÓPFIMLEIKUM

Bikarmót í hópfimleikum fór fram í Stjörnunni í Garðabæ. Iðkendur höfðu ekki keppt í þrjá mánuði og hluta af þeim tíma var æfingastopp vegna Covid. Mótið fór fram í „semí“ lendingu sem var gert til að auðvelda keppendum að mæta aftur til keppni eftir sérstakt æfingatímabil.

Í kvennaflokki sigraði Stjarnan sjötta árið í röð með 57.300 stig, Gerpla varð í 2. sæti með 55.700 stig og Stjarnan 2 í þriðja sæti með 53.250 stig.

Í karlauflokki mættu tvö lið frá Stjörnunni til keppni og var það lið Stjörnunnar 1 sem sigraði, með 59.0 stig.

Bikarmeistarar í unglingsflokki stúlkna og blandaðra liða var lið Selfoss.



Stjarnan - Bikarmeistarar



Stjarnan 1 - Bikarmeistarar

UPPSKERUHÁTÍÐ

Árangri ársins 2021 var fagnað um miðjan mars 2022. Það var gaman að geta hist og heiðrað fimleikafólk ið okkar, en uppskeruhátíð 2020 var í rafrænu formi og því engin hefðbundin uppskeruhátíð verið haldin síðustu tvö ár.

— Lið ársins

Lið ársins er án nokkurs vafa íslenska kvennalandslíðið í hópfimleikum. Liðið keppti á Evrópumóti í Portúgal í desember 2021. Eftir undanúrslitadaginn var liðið í 2. sæti, 0,950 stigum á eftir Svíþjóð. Á úrslitadaginn sýndu þær úr hverju þær væru gerðar og gerðu sér lítið fyrir og urðu Evrópumeistarar, með jafnmög stig og Svíþjóð en sigur á fleiri áhöldum. Íslenska liðið sigraði á gólfí og á trampólíni enda með hnökralaust trampólín og stórkostlegan dans þar sem þær fengu nánast öll dansmómentin sín gild. Það geislaði af þeim á dansgólfinu og það sást að þær voru öruggar og tilbúnar í öllum stökkum. Liðið samanstendur af virkilega frambærilegum fimleikakonum sem hafa lagt mikið í sölurnar síðustu ár og unnið mjög hart að því að ná þessum titli, sem þær áttu svo sannarlega skilið.

13TH EUROPEAN CHAMPIONSHIPS
TEAM GYM
GUIMARÃES | PORTUGAL 2021



— Fimleikakona ársins

Fimleikakona ársins er Kolbrún Þöll Þorradóttir. Kolbrún Þöll var máttarstólpí í kennalandslíði Íslands á Evrópumóti í hópfimleikum þegar liðið tryggði sér Evrópumeistaratitilinn. Kolbrún keppti í öllum umferðum og stökkin hennar voru á meðal þeirra erfiðustu sem framkvæmd voru á mótinu og ber þar helst að nefna tvöfalt heljarstökk með beinum líkama og þremur og hálfri skrúfu, sem hún framkvæmdi á trampólíni og er hún fyrsta konan til þess að keppa með það stökk á alþjóðlegu móti. Kolbrún Þöll var ein af sex fimleikakonum á EM sem var valin í úrvallslið Evrópumótsins „All stars“ liðið. Kolbrún varð á arinu Íslands – og Bikarmeistari með félagsliði sínu, Stjörnunni, og spilar þar ekki síður stórt hlutverk en í landsliðinu.



— Fimleikakarl ársins

Helgi var í karlalandslíði Íslands á Evrópumóti í hópfimleikum þegar liðið tryggði sér 2. sæti en það er í fyrsta sinn sem karlaliðið kemst á pall. Hann keppti fyrstur í heiminum með framseríuna skrúfa-kraftstökk-tvöfalt strekkt heljarstökk með tveimur hálfri skrúfu á dýnu og braut þar blað í fimleikasögunni. Hann var valinn í úrvallslið mótsins, einn af sex fimleikamönnum á öllu mótinu sem fengu þann heiður. Helgi keppti ásamt liði sínu, Störnunni, á Bikar- og Íslandsmóti í vor og hampaði þar Íslands- og Bikarmeistaratitum. Hann er framúrskarandi góður stökkvar og hefur löngum vakið athygli fyrir mikla útgeislun á dansgófinu þar sem hann nýtur sín vel og skilar dansinum virkilega vel frá sér.



Valgarð
Reinhardsson
2. sæti



Einar Ingi
Eyþórsson
3. sæti



Ásta
Kristinsdóttir
2. sæti



Margrét Lea
Kristinsdóttir
3. sæti

— Þjálfari ársins

Pórir Kjartansson

PÓRIR VAR MIKILVÆGUR HLEKKUR Í UPPBYGGINGU ALLS FIMLEIKASTARFS Á ÍSLANDI OG HEFUR KOMIÐ AÐ ÞJÁLFUN MARGRA AF OKKAR BESTU MÖNNUM.

Þjálfari ársins er Pórir Kjartansson. Pórir er stórmenni að innan sem utan og hefur verið virkur í fimleikahreyfingunni í áratugi. Fyrst sem fimleikamaður svo í dómgæslu, sjálfböðaliðastörfum og við þjálfun. Nú þekkjum við hann einna helst sem þjálfara betri borgara samfélagsins sem æfa í Ármanni og samanstendur hópurinn hans af kempum á besta aldri. Hann og hópur hans hafa hlotið eftirtekt víða og sína og sanna það að fimleikar eru svo sannarlega fyrir alla.



— Leiðtogi ársins

Andrea Sif Pétursdóttir

ANDREA SIF SINNTI HLUTVERKI SÍNU SEM FYRIRLIÐI AF KOSTGÆFNI OG MIÐLAÐI MIKVÆGARI REYNSLU SINNI TIL LIÐSINS, Á SÍNU 6. EVRÓPUMÓTI.

Andrea Sif Pétursdóttir var fyrirliði íslenska kvennalandsliðsins á Evrópumótinu í hópfimleikum í desember, þar sem liðið vann Evrópumeistaratitil. Andrea Sif varð fyrir því óhappi að slíta hásin í næst síðustu umferð liðsins á dýnu, okkar kona ætlaði ekki að missa af neinu og kláraði að hvetja liðsfélaga sína meðan henni var sinnt á hliðarlínunni og fór svo fyrir sínu liði í verðlaunaafhendingu áður en henni var skutlað á spítalann til frekari aðhlynningar. Andrea hefur sýnt í gegnum tíðina hvað það er sem einkennir góða fimleikakonu, hún er mikil fyrirmynnd innan salar og utan og sýnir það óspart.

— Heiðursfélagi

Árni Þór Árnason

**ÚJTÓNARSAMUR, SKIPULAGÐUR, HREINSKILINN OG
LAUSNAMIÐADUR ERU ORD SEM LÝSA
HEIÐURSFÉLAGANUM MJÖG VEL.**



Árni Þór Árnason er fæddur í Reykjavík árið 1951, hann er giftur Guðbjörgu Jónsdóttur og eiga þau þrjú börn. Árni var formaður Fimleikasambandsins á árunum 1996-2002. Áður en Árni tók við formannssætinu var hann í stjórn Íþrótta- og Olympíusambands Íslands og er enn í dag eini maðurinn sem hefur sagt sig úr stjórn ÍSÍ til að taka við formennsku sérsambands. Hann starfaði sem framkvæmdasjóri og síðar forstjóri Austurbakka hf. sem var á sínum tíma stærsta heildvöruverslun landsins. Árni hefur verið stjórnarmaður og stjórnarformaður margra fyrirtækja í gegnum tíðina og hefur ekki látið sitt eftir liggja í félagstörfum. Auk formennsku í Fimleikasambandinu var hann formaður fimleikadeildar KR, formaður badmintondeildar Víkings og síðar badmintonráðs Reykjavíkur, stjórnarmaður handknattleiksdeildar Gróttu og HSÍ. Árni er meðlimur í skákklúbb KR og tveimur golfklúbbum. Árni mismunari ekki íþróttum heldur lætur sig þær allar varða hvort sem það er sem stjórnarmaður eða þátttakandi. Árni er maður sem lætur verkin tala og vill að aðrir geri slíkt hið sama. Í stjórnartíð Árna hjá Fimleikasambandinu var grettistaki lyft í fjármálarekstri sambandsins og skiluðu Árni og hans stjórn af sér góðu búi.

— Starfsmerki

Stefán H. Stefánsson

STEFÁN VAR ÖFLUGUR FORMAÐUR OG STJÓRNARMAÐUR SEM VAR ALLTAF TILBÚINN AÐ AÐSTÖÐA ÞEGAR Á PURFTI AÐ HALDA.



Stefán H. Stefánsson starfaði sem formaður Fimleikadeildar Fjölnis árin 2018 – 2019. En þar á undan var hann í stjórn deildarinnar í nokkur ár. Eftir að stjórnarsetu og formannstíð Stefáns lauk hefur hann verið ötull sjálfboðaliði deildarinnar og alltaf tilbúinn að taka sjúkravaktir þegar mótaðald fer fram hjá féluginu. Hann hefur einnig leiðbeint deildinni þegar kemur að umönnun iðkenda þegar kemur að sjúkrabjálfun og í tæknimálum. Stefán er sjálfboðaliði af bestu gerð og ættu allar deildir að hafa inn Stefán í sínum hópi.

HEIÐURSVERÐLAUN ÍSÍ

— Gullmerki ÍSÍ

Arnar Ólafsson



Arnar Ólafsson tók við formennsku á Fimleikaþingi árið 2014 sat hann lengst allra formanna sambandsins, ásamt Ásgeiri Guðmundssyni sem sinntu báðir formennsku í sjö ár, en stjórnarseta Arnars spannar hins vegar 9 ár. Það hefur verið mikill fengur fyrir FSÍ að hafa notið reynslu og þekkingar hans og á þessum sjö árum hefur grettistaki verið lyft í starfsemi sambandsins og hefur Arnar verið drifkraftur og hugmyndasmiður þeirra starfsháttar sem nú eru við lýði. Vinnugleði, hugmyndaauðgi og drifkraftur hafa dregið vagninn á þessum árum en aldrei kom upp sú staða að ekki væri hægt að finna lausn á áskoruninni.

Ásýnd sambandsins hefur tekið stakkaskiptum, fjármálin hafa verið sett upp á gagnsæjan hátt ásamt því að umsvif og fjölgun í greininni hefur margfaldast í stjórnartíð hans. Arnar hefur jafnframt viljað opna dyr inn í ólíka heima fimleikanna.

Allur sá tími sem Arnar hefur gefið sambandinu er ómetanlegur og verður seint full þakkaður. Hann hefur sýnt það þor og þann kjark sem þurft hefur til að Fimleikasamband Íslands er í dag eitt af stærstu sérsamböndum landsins.

— Gullmerki ÍSÍ

Hlín Bjarnadóttir



Fimleikarnir hafa fylgt Hlín Bjarnadóttur frá æsku, þar sem hún byrjaði 6 ára gömul að æfa í Íþróttafélaginu Gerplu. Hún átti glæstan feril sem afreksskona í íþróttinni og var ein besta fimleikakona landsins um árabil. Eftir að ferlinum lauk, hefur hún verið drifkraftur í faglegu starfi Fimleikasambandsins og haft metnað til að gera enn betur og hefur Fimleikasambandið á að skipa einu besta fræðslukerfi í íþróttahreyfingunni. Hlín hefur einnig átt eftirtektarverðan feril sem þjálfari og sem dómarí en hún var einmitt valin af Alþjóðafimleikasambandinu til að dæma Ólympíuleikana í Tokyo 2021 sem er mikill heiður fyrir fimleikadómara. Hún hefur einnig starfað sem dómarí á Evrópuleikum og Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar, svo eitthvað sé nefnt. Hlín hefur sjálf sagt að það skemmtilegasta við að dæma er að halda áfram að taka þátt í sinni íþróttagrein og einnig það að sjá keppendur ná markmiðum sínum og uppskera erfiði þrotlausra æfinga við að reyna að fullkomna færni sína. Sem lýsir Hlín svo vel, hún er til staðar fyrir fólk i greininni, sama á hvaða vettvangi sem það er og hefur hefur sýnt það og sannað með sinni vinnu í þágu íslenskra fimleikar að virðing, samkennd og fagmennska gerir allt starf betra. Það ættu allar greinar að hafa eina Hlín með sér í liði, því betri liðsfélaga er ekki hægt að finna.

— Heiðursfélagi ÍSÍ

Árni Þór Árnason



Nafnbótin Heiðursfélagi ÍSÍ er æðsta viðurkenning íþróttahreyfingarinnar og þeir sem geta hlotið þá nafnbót eru þeir sem hafa þegar hlotið Heiðurskross ÍSÍ, æðstu heiðursviðurkenningu ÍSÍ. Árni Þór var sæmdur Heiðurskrossi ÍSÍ árið 2017.

Saga Árna í fimleikahreyfingunni hófst á þann veg að þau hjónin voru viðriðin inn í fimleikadeild KR vegna fimleikaiðkunar barna þeirra og var hann m.a. formaður deildarinnar frá árinu 1989 til ársins 1992.

Árni Þór sat í varastjórn ÍSÍ 1988-92 og í framkvæmdastjórn ÍSÍ 1992- 1996.

Árið 1996 var fjárhagur FSÍ ekki á góðum stað og tók Árni því þá ákvörðun að segja sig úr aðalstjórn ÍSÍ til að rétta úr fjárhagi sambandsins. Það var einmitt það ár sem Árni tók við sem formaður stjórnar FSÍ og sinnti hann því starfi til ársins 2002.

Fimleikasambandið er ævinlega þakklátt Árna fyrir hans störf í þágu fimleika á Íslandi.

— Heiðurskross ÍSÍ

Birna Björnsdóttir



Birna hefur verið leiðtogi í fimleikahreyfingunni á Íslandi í áratugi. Hún sat í stjórn Fimleikasambands Íslands sem meðstjórnandi, síðar varaformaður og sem formaður frá árinu 1986 – 1988.

Síðar sneri hún aftur í stjórn og gegndi meðal annars varaformennsku frá 2008 – 2012. Birna var mjög virk í alþjóðastarfi fimleika, innan Fimleikasambands Norðurlanda, Evrópska Fimleikasambandsins og Alþjóðafimleikasambandsins þar sem hún létt mikið að sér kveða.

Birna var á árum áður bæði lands - og sambandsdómari hér á landi, seinna varð hún Alþjóðlegur dómari, hún dæmdi á erlendum móturnum og þar á meðal á fyrsta erlenda alþjóðlega hópfimleikamótinu sem haldið var í Lúxemborg árið 1980.

Fimleikasambandið er stolt af henni og öllum hennar störfum í þágu fimleika á Íslandi.



**ERLEND
VERKEFNI**

— Erlend verkefni í áhaldafimleikum

Árið 2021 var árið þar sem keppnir í áhaldafimleikum fóru aftur af stað eftir langa dvöl. Heimsfaraldurinn litaði þó keppnistímabilið, en til að mynda tók Ísland þátt í tveimur alþjóðlegum unglingskeppnum sem haldnar voru með aðstoð tækninnar. Junior Team Cup og Norðurlandamót unglings fóru fram þrátt fyrir slæma stöðu á heimsvísu, en keppt var á Íslandi og keppendur dæmdir í gegnum myndbönd og beint streymi. Covid próf og almennar sóttvarnir voru þema móttanna í ár, það má samt segja að sóttvarnir hafi verið hvað strangastar á Heimsmeistaramótinu í Japan, keppendur og fylgdarlið lýstu dvölinni sem stofufangelsi, en þurftu þau að halda sig á hótelinu á milli æfinga og keppna, í tæpar tvær vikur.

Ísland átti fullskipað lið í áhaldafimleikum kvenna og karla á EM í Sviss snemma á árinu. Fjórar konur og fjórir karlar kepptu fyrir Íslandshönd á Heimsmeistaramótinu í Japan. Fullskipað landslið var sent á Norður- Evrópumótið í Wales en þar höfnuðu landsliðin í fimmta sæti. Ísland átti sex keppendur í úrslitum. Margrét Lea Kristinsdóttir nældi sér í silfur í gólfæfingum með 12.550 stig, Jónas Ingi Þórisson sótti sér brons, einnig í gólfæfingum, með 13.750 stig. Jónas Ingi keppti einnig til úrslita á stökki, þar sem hann hafnaði í 6.sæti og á svifrá þar sem hann hafnaði í 7.sæti. Jón Sigurður Gunnarsson keppti til úrslita á hringjum og hafnaði í 4.sæti. Martin Bjarni Guðmundsson kom inn sem varamaður á svifrá, hann endaði í 6.sæti. Guðrún Edda Min Harðardóttir keppti á tvíslá og Valgarð Reinhardsson hafnaði í 4 sæti á tvíslá.

Fjórir drengir kepptu á Junior Team Cup en besta árangur Íslands átti Dagur Kári Ólafsson, þar sem hann nældi sér í brons á tvíslá. Dagur Kári kom sá og sigraði á Norðurlandamóti unglings en hann nældi sér í Norðurlandameistaratitilinn á bæði svifrá og bogahesti, þar að auki nældi hann sér í brons í fjölbraut. Sigurður Ari Stefánsson átti einnig mjög gott mótt og hafnaði hann í þriðja sæti í gólfæfingum og á stökki. Drengjalandslíð Íslands sóttu svo silfur í liðakeppni, en liðið skipaði Ari Freyr Kristinsson, Dagur Kári Ólafsson, Davíð Goði Jóhannsson, Lúkas Ari Ragnarsson og Sigurður Ari Stefánsson. Stúlkurnar stóðu sig einnig frábærlega á mótinu og sýndi Ragnheiður Jenný í hvað henni býr þegar hún hafnaði önnur í gólfæfingum. Í framhaldi af Norðurlandamótinu sendi Ísland unglingslandslið kvenna til Belgíu á Top Gym og Gymnova Cup, einnig í Belgíu.

Það má segja að árið hafi verið nokkuð viðburðarákt þegar kemur að erlendum verkefnum í áhaldafimleikum, létu keppendur heimsfaraldurinn ekki stoppa sig og sýndu þau það með því að toppa sig á flest öllum mónum á árinu. Fara þau reynslunni ríkari inn í nýtt keppnisár.



— Kvennalandslið í áhaldafimleikum

ÚTDRÁTTUR LANDSLIÐSPJÁLFARA

Landsliðspjálfari kvenna janúar til júní 2021 var Hildur Ketilsdóttir sem vann í samstarfi við afreksstjóra og tækninefnd í áhaldafimleikum kvenna. Covid hafði mikil áhrif á vorönn 2021 og var því ekki hægt að halda úrtökuæfingu fyrir úrvalshópa og því var valið í landslið fyrir hvert og eitt verkefni. Í byrjun árs var öllum í kvennaflotki boðið að koma í þrekprófsmælingar, en mælingarnar voru partur af meistaraverkefni Söndru Árnadóttur. Í febrúarmánuði var boðið upp á næringarfyrirlestur með Agnesi Póru. Evrópumótið í Basel, Sviss fór fram dagana 21. – 25. apríl. Valið var í lið út frá stigum á Bikarmóti og Íslandsmóti og sendi Ísland fullskipað lið til keppni. Lítið var um samæfingar fyrrípart ársins að sökum heimsfaraldursins en tókst að halda tvær formlegar samæfingar á milli samkomutakmarkana.



Hildur Ketilsdóttir

ERLEND VERKEFNI

- Evrópumót - Basel, Sviss
- Heimsmeistaramót - Japan
- Norður -Evrópumót - Wales



Þorbjörg Gísladóttir

Landsliðspjálfari U16 árið 2021 var Þorbjörg Gísladóttir, sem vann í samstarfi við afreksstjóra og tækninefnd í áhaldafimleikum kvenna. Vegna Covid var ekki valið í úrvalshóp. Eingöngu var valið í sjö manna landsliðshóp fyrir þau þrjú verkefni sem voru haustið 2021.

Val í landslið

Út frá frammistöðu á mónum vetrarins í frjálsum æfingum og 1.þreið bauð landsliðspjálfari 20 stúlkum að taka þátt í opinni æfingu og úrtökumóti. Sjö stúlkur voru valdar til þátttöku í þremur erlendum verkefnum. Norðurlandamót unglingsa þar sem Finnland var mótsþaldari en fór fram rafrænt og keppt var í beinu streymi frá Fimleikafélaginu Björk. Ísland sendi til leiks keppendur og two varamenn, keppt var í liðakeppni, fjölþraut og á einstökum áhöldum. Árangur á mónum ársins var finn ef miðað er við hversu erfitt var að stunda æfingar í covid ástandi.

ERLEND VERKEFNI

- Norðurlandamót unglings (5 keppa og 2 varamenn)
- Top gym í Belgíu (2 keppendur)
- Gymnova cup í Belgíu (5 keppendur)



— Karlalandslið í áhaldafimleikum ÚTDRÁTTUR LANDSLIÐSPJÁLFARA

Landsliðspjálfari karla og U16 árið 2021 var Róbert Kristmannsson. Sem vann í samstarfi við afreksstjóra og tækninefnd í áhaldafimleikum karla.

Árið heilt yfir gekk vel, breiddin og samkeppnin um að komast í landslið er orðin mun meiri, það skapar holla samkeppni innan hópsins og eykur drifkraft til bætinga. Vinna síðustu ára er að skila sér eins og sjá má á þeim árangri sem náðist á Norður- Evrópumótí í Wales þar sem við náðum að bæta stigafjöldan okkar sem lið (229.85). Markmiðið okkar er að ná 236 stigum á Evrópumótinu í Þýskalandi 2022 sem ætti að vera nóg til að vinna okkur inn keppnisrétt sem lið á HM sama ár.



Róbert Kristmannsson

Við erum búnir að bæta inn erfiðleika og nú er það að laga framkvæmd, mikil liðsheild og kraftur er í hópnum, menn eru að elska ferðalagið og það mun skila sér á þann stað sem við viljum vera á. Við verðum að vera þolinmóð og skapa það umhverfi sem þarf til að fimleikafólkið okkar geti hámarkað sinn árangur og höldum áfram að berjast.

ERLEND VERKEFNI

- Berlin Cup - Netmót
- Evrópumótfullorðina - Basel Sviss
- Heimsmeistaramót - Japan
- Norðurlandamót unglings - Netmót
- Norður- Evrópumót - Wales



- Erlend verkefni í hópfimleikum

Löng vegferð var að Evrópumótinu í hópfimleikum 2021 en það mótt átti upprunalega að fara fram í Danmörku í október 2020, en vegna heimsfaraldursins var mótinu frestað. Í kjölfarið sagði Danmörk sig frá sem mótsþaldari og varð það að lokum í höndum Portúgals að verða nýr mótsþaldari fyrir EM 2021. Í ljósi aðstæðna var tekin ákvörðun að breyta útfærslunni á úrtökuaefingu landsliðana, á þann veg, að í stað þess að kalla alla iðkendur saman í eitt félag, voru fulltrúar félagana beðnir um að framkvæma æfinguna og taka upp myndbond af ákveðnum stökkum og mómentum hjá sínum iðkendum, í sínum sal. Með þessu móti voru fyrirmælum sóttvarnalæknis um að takmarka blöndun milli hópa fylgt.

Í júní voru svo landsliðshópar tilkynntir, en hóparnir samansstóðu af 66 iðkendum úr sex félögum; Ármanni, FIMAK, Hetti, Íþróttafélaginu Gerplu, Selfossi og Stjörnunni. Loka landslið voru síðan tilkynnt á heimasíðu sambandsins þann 20. október.

ÆFINGAR FYRIR LANDSLIÐSHÓPA

Um sumarið var lögð áhersla á hópefli og markmiðasetningu og hófust svo æfingar fyrir landsliðshópa í ágúst, en hóparnir komu saman fjórum sinnum á tímabilinu ágúst til september. Frá og með 1. október og fram að mótinu æfdu liðin saman að fullu. Liðin unnu með íþróttasálfræðiráðgjafa sem að veitti reglubundna fræðslu og einstaklingstíma í gegnum ferlið, ásamt innkomu á æfingar. Einnig voru sjúkrabjálfarar tvívar inn á æfingu hjá liðunum ásamt því að vera þeim innan handar. Þegar að liðin fóru á Evrópumótið ferðuðust sjúkrabjálfararnir, íþróttasálfræðiráðgjafinn, og greiningarteymi með til þess að vera hópnum innan handar.

EVRÓPUMÓT 2022

Þann 28. nóvember flugu unglings landsliðin út til Portúgal og fullorðins liðin þann 29. nóvember. Mikið umfang fylgdi mótinu, en fyrir utan fjögur landslið og fimmtán þjálfara ferðuðust þrettán manns með liðunum; sjúkrabjálfarar, íþróttasálfræðiráðgjafi, greinendur, dómarar, fararstjóri og fjölmöðlar. Öll lið Íslands stóðu sig frábærlega og tryggðu sér sæti í úrslitum. Bæði stúlknavaliðið og blandað lið unglings bættu árangur sinn í úrslitakeppninni, en þar endaði stúlknavaliðið í öðru sæti og blandað lið unglings í því þriðja. Íslenska karlalandsliðið gerði sér lítið fyrir og nældi sér í silfur. En þetta er í fyrsta skipti sem íslenskt karlalið endar á palli á EM. Helgi Laxdal Aðalgeirsson útfærði tvöfalt framheljarstökk með beinum líkama og tveimur og hálfri skrúfu fyrstur allra á EM. Hápunkturinn mótsins var þegar að kvennalandslisliðið tók heim gullið og er bikarinn í höndum Íslands aftur eftir næstum áratuga fjarveru. Ísland átti þrjá fulltrúa í úrvalsliði mótsins (All Stars), þau Ástu Kristinsdóttur sem að var valin fyrir yfirburði í dansi, Helga Laxdal Aðalgeirsson fyrir árangur á dýnu og Kolbrúnu Þöll Þorradóttur sem var valin í liðið út frá trampólinstökki sínu, en þar framkvæmdi hún eitt erfiðasta stökk mótsins. Í lok móts var efnilegasti keppandinn (Shooting Star) valin, og var það keppandi frá Íslandi hún Auður Helga Halldórsdóttir sem hlaut þau verðlaun, en hún hefur náð framúrskarandi árangri í því sem hún hefur tekið sér fyrir hendur og er því vel að titlinum komin.



– Landslið í hópfimleikum 2021



Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir



Björn Björnsson

Yfirþjálfarar landsliða í hópfimleikum árið 2021 voru þau Hrefna Þorbjörg Hákonardóttir og Björn Björnsson.

Árið 2021 var gjöfult í íslenskum hópfimleikum. Stærsta verkefni ársins var Evrópumeistaramót í hópfimleikum í Guimaraes í Portúgal. Góð þátttaka var í úrtökum fyrir landslið í maí, yfir 110 iðkendur sóttust eftir sæti í landsliði. Fjögur lið voru send til keppni og öll snéru þau tilbaka með verðlaun fyrir sinn árangur. Kvennalið sigraði í fyrsta sinn frá 2012 og karlalið lenti í öðru sæti og heimti þar með fyrstu verðlaun Íslands í karlauflokk. Stúknalið endaði í öðru sæti og var skammt frá gullverðlaunum. Blandað lið unglings náði einnig frábærum árangri og endaði í þriðja sæti. Íslenskt fimleikafólk framkvæmdi einnig margar af glæsilegustu æfingum mótsins og var þrennt landsliðsfólk valið í úrvallslið mótsins. Verkefni ársins 2022 snúa að undirbúnungi fyrir næsta Evrópumeistaramót, sem fram fer í Lúxemborg í September.



DÓMARAR Á ÓLYMPÍULEIKUM

Tveir af reyndustu dómurum Íslands í áhaldafimleikum þau Hlín Bjarnadóttir og Björn Magnús Tómasson voru þess heiðurs aðnjótandi að vera valin af alþjóða fimleikasambandinu til að dæma Ólympíuleikana í Tokyo sem fóru fram á árinu.

Það er gríðalegur heiður að vera valin til dómgæslu á Ólympíuleikunum og aðeins handfylli dómara sem fá það boð á hverjum leikum. Þau Björn og Hlín hafa unnið að því hörðum höndum allt síðan í Rio 2016 að sýna sig og sanna, með dómgæslu á heimsmeistara- og heimsbikarmótum við góðan orðstýr. Þetta verða fjórðu leikarnir sem Björn Magnús dæmir en þeir fyrstu hjá Hlín.

Fimleikasambandið óskar Hlín og Birni til hamingju með valið.





NEFNDIR FSÍ

– Tækninefnd kvenna

Mótatímabilið 2020-2021 litaðist mjög af Covid-19 þar sem fella þurfti niður allt mótaþald á haustönn 2020. Mótaþald vorannar gekk með ýmsum takmörkunum en að lokum náðist þó að halda öll móti sem voru á upphaflegri dagsskrá. Keppni gekk vel og þrátt fyrir lokanir v. Covid náðist ágætis árangur.



Auður Ólafsdóttir



Eir Andradóttir



Hildur Ketilsdóttir



*Ragna Þyrí
Ragnarsdóttir*



Sandra Matthíasdóttir

– Tækninefnd karla

Tækninefnd í áhaldafimleikum karla hélt áfram óbreytt frá síðasta tímabili og hefur fundað í gegnum Teams á tímabilinu. Undirnefnd vann að uppbyggingu Íslenska fimleikastigans og gaf hann út. Nefndin smalaði saman nokkrum nýjum dómurum inn á Alþjóðlegt dómaranámskeið og tókst að fjölgja dómurum úr 6 í 9 og nær með því vonandi að halda þekkingu á reglunum í áhaldafimleikum karla vel við innanlands. Mótaþald komst loksins af stað bæði innanlands og er nefndin ánægð með framkvæmd móta hérlandis.



*Sigurður Hrafn
Pétursson*



*Anton Heiðar
Þórólfsson*



Daði Snær Pálsson



*Eva Hrund
Gunnarsdóttir*



*Hróbjartur Pálmarr
Hilmarsson*

— Tækninefnd í hópfimleikum

Verkefni nefndarinnar voru mörg á þessu starfsári og verkefnaálagið var mikið. Covid spilaði þar stóran þátt, þar sem mörg mótt voru felld niður, endurskipulögð, flutt um helgar (jafnvel oftar en einu sinni) o.s.frv. Þó nokkur óvissa ríkti í kringum nýjar Evrópskar keppnisreglur og útfærslu á þeim á Íslandi eftir áramót. Þrátt fyrir allt voru þónokkur tíðindi í mótaþaldi, Evrópumót ársins 2020 fór loksins fram í desember, Mótaröð var haldin í fyrsta skiptið og Norðurlandamót unglings var haldin í Danmörku í apríl en úrtakan fyrir mótið var erfitt ferli þar sem mikið af erfiðum ákvörðunum voru tekna vegna vandræða tengdum Covid. Mikið var um undanþágubeiðnir, eitthvað var um samþykktir á þrefoldum heljarstökkum og dómararamál, mönnum og dómaraskipulög töku mikið pláss að venju. Á nýju keppnisári stefnum við að því að gera skýra og nákvæma verkferla og ítarlegar kröfur móta, til þess að reyna að minnka óþarfa álag á sjálfboðaliða nefndarinnar.



Bergþóra Kristín
Ingvarsdóttir



Aníta Þorgerður
Tryggvadóttir



Ágústa Dan
Árnadóttir



Ragnar Magnús
Þorsteinsson



Tanja
Birgisdóttir



Una Brá
Jónsdóttir



Nína Þöll Birkisdóttir,
Stökkfimi



Erika Dorielle
Sigurðardóttir,
Stökkfimi

— Laga - og reglunefnd

Laganefnd FSÍ er kjörin til tveggja ára í senn og á árinu 2020 voru Hjalti Geir Erlendsson, Guðrún Björk Bjarnadóttir og Sigurbjörg Fjölnisdóttir kjörin í nefndina. Hjalti Geir gegndi stöðu formanns nefndarinnar þetta tímabilið. Nefndin hefur tekið til skoðunar einstök mál sem stjórn FSÍ og framkvæmdastjóri hafa beint til hennar, svo sem yfirferð á reglugerðum og yfirferð reglna og laga í undirbúningi fyrir þing FSÍ.



Sigurbjörg Fjölnisdóttir



Hjalti Geir Erlendsson



Guðrún Björk Bjarnadóttir

— Nefnd um Fimleika fyrir alla

Helsta verkefni FFA nefndarinnar á síðasta tímabili var að vinna að nýjum reglum og fyrirkomulagi á fimleikum fyrir alla. Sú vinna gekk mjög vel og í vor voru reglur og leiðbeiningar tilbúnar. Engin viðburðir voru haldnir á vegum nefndarinnar vegna samkomutakmarkanna og taldi nefndin óráðlegt að halda nýja viðburði við þær aðstæður sem voru upp í samfélaginu á síðasta ári. Næstu verkefni nefndarmanna og starfsmanna FSÍ er að klára yfirferð á nýjum reglum og viðburðum sem stefnt er að hefja haustið 2022.



Rakel Másdóttir



Jórunn Dóra
Sigurjónsdóttir



Anna Hulda
Ingadóttir



Fríða Rún
Þórðardóttir



Þórdís Eva
Harðardóttir

— Aga- og Siðanefnd

Nefndin hefur leiðbeinandi- og ráðgefandi hlutverk í málum sem snerta aga- og siðareglur Fimleikasambandsins. Nefndin vinnur fyrir iðkendur og er ráðgefandi um það til hvaða aðgerða ráðlagt sé að grípa til ef fram kemur kvörtun, rökstuddur grunur eða ábending um einelti eða ofbeldi af einhverju tagi í tengslum við starfsemi á vegum eða ábyrgð FSÍ. Þá mun nefndin stuðla að og efla forvarnir með leiðbeiningum og fræðslu, m.a. til aðildarfélaga FSÍ, til þess að koma í veg fyrir að brot á aga- og siðareglum viðgangist innan aðildarfélaga og að til staðar sé viðbragðsáætlun komi slík mál upp.



Lína Ágústsdóttir



Una Emilsdóttir



Hildur Skúladóttir

— Heilbrigðisnefnd

Frá því heilbrigðisnefnd var stofnuð hafa verkefni hennar verið margvísleg. Nefndin hefur komið að mótaþaldi, ýmist leiðbeint og eða aðstoðað við sjúkragæslu á mónum og unnið viðbragðsáætlun við slysum svo eitthvað sé nefnt. Auk þess hafa aðilar innan heilbrigðisnefndar stutt við afreksstarf sambandsins með fyrilestrum og fræðslu sem og að fylgja landsliðum í erlend verkefni.



*Guðjón Einar
Guðmundsson*



Hera Jóhannesdóttir



Andri Wilberg Orrason



Þórdís Ólafsdóttir



Sandra Árnadóttir



Kristín Gísladóttir



Hreiðar Haraldsson



Ásdís Guðmundsdóttir

— Parkour

Það er gleðiefni að nefnd um Parkour sé komin á laggirnar innan Fimleikasambandsins. Nefndinni er ætlað að sjá um útbreiðslu greinarinnar auk fræðslu og námskeiðahalds.



*Davíð Már
Sigurðsson*



*Bjarki Rafn
Andrésson*



*Hilmar Birgir
Haraldsson*



Sindri Viborg



*Stefán Þór
Friðriksson*



ISLAND VD

PÓR ÓLAFSSON
Kennitala: 060160-4069
2022-04-08 13:39:23 GMT
Ástæða: Undirskrift

 Fullgild rafraen undirskrift
SIGURBJÖRG FJÖLNISDÓTTIR
Kennitala: 081275-4919
2022-04-08 14:18:08 GMT
Ástæða: Undirskrift

AXEL ÞÓR EYSTEINSSON
Kennitala: 151279-4149
2022-04-08 13:41:15 GMT
Ástæða: Undirskrift

 Fullgild rafraen undirskrift
HALLDÓRA S GUÐVARÐARDÓTTIR
Kennitala: 060880-3959
2022-04-08 19:59:40 GMT
Ástæða: Undirskrift

MAGNÚS HEIMIR JÓNASSON
Kennitala: 120990-2769
2022-04-08 13:55:37 GMT
Ástæða: Undirskrift

MARTA KRISTÍN SIGURJÓNSDÓTTIR
Kennitala: 120870-2979
2022-04-08 13:58:43 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fimleikasamband Íslands

Ársreikningur samstæðu 2021

Fimleikasamband Íslands
Kt. 540169-2849
Engjavegi 6
Reykjavík 104

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Samstæðu ársreikningur félagsins fyrir árið 2021 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og er hann í meginatriðum gerður eftir sömu aðferðum og árið áður.

Tap ársins nam -16.346.202 kr. Heildareignir 31. desember 2021 námu 65.467.190 kr og eigið fé á sama tíma var 55.126.742 kr.

Stjórn félagsins leggur til að tap verði fært til lækkunar á eigin fé félagsins.

Stjórn og framkvæmdastjóri Fimleikasamband Íslands, staðfesta hér með samstæðu ársreikning félagsins fyrir árið 2021 með undirritur

Reykjavík, 7. apríl 2022

Stjórn og framkvæmdastjóri



Kristinn Arason
formaður



Sólveig Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Sigurbjörg Fjölnisdóttir
varaformaður

Þór Ólafsson
Gjaldkeri

Halldóra Guðvarðardóttir
Ritari

Axel Þór Eysteinsson
Meðstjórnandi

Marta Sigurjónsdóttir
Meðstjórnandi

Magnús H. Jónasson
Meðstjórnandi

Áritun óháðs skoðunarmanns

Til stjórnar Fimleikasambands Íslands.

Við höfum unnið meðfylgjandi samstæðu ársreikning fyrir Fimleikasamband Íslands fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarrekning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.


Álit

Það er álit okkar að samstæðu ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu Fimleikasambands Íslands á árinu 2021, efnahag sambandsins 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Reykjavík, 7. apríl 2022

F8 Consulting,

Sævar Guðjónsson



Áritun skoðunarmanna


Til stjórnar Fimleikasambands Íslands.

Við höfum yfirfarið samstæðu ársreikning fyrir Fimleikasamband Íslands fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar.


Álit

Það er álit okkar að samstæðu ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu Fimleikasambands Íslands á árinu 2021, efnahag félagsins 31. desember 2021 og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, og teljum ekki ástæðu til athugasemda, annarra en að eðlilegt hefði verið að nýta afskriftir til að fella viðskiptakröfur sem eru sumar margra ára gamlar og auðsýnt að innheimta þeirra á ekki eftir að skila sér.

Reykjavík, 7. apríl 2022



Jóhann Ulriksson



Hafsteinn Þórðarson

Rekstrarreikningur ársins 2021

	Skýr.	Raun 2021	Áætlun 2021	Raun 2020
Rekstrartekjur:				
Styrkir og framlög	1	108.444.304	102.921.890	81.985.671
Innlend mótt og sýningar	2	32.218.050	38.550.400	11.491.595
Alþjóleg mótt og sýningar	3	63.676.346	76.765.583	17.508.000
Námskeið og fræðsluefnir	4	13.530.000	20.739.000	8.608.500
Leyfisherfi	5	12.145.150	13.715.000	23.882.850
Aðrar tekjur		3.875.159	3.033.640	989.571
Fimleika events ehf.		0	0	12.479.418
Rekstrartekjur samtals		233.889.009	255.725.513	156.945.605
 Rekstrargjöld:				
Rekstargjöld	6	80.797.825	76.918.094	50.168.727
Innlend mótt og sýningar	7	27.191.946	32.299.722	7.567.819
Alþjóleg mótt og sýningar	8	132.077.055	141.945.818	45.512.209
Námskeið og fræðsluefnir	9	10.061.802	17.716.550	5.806.390
Leyfisherfi		0	0	3.031.200
Önnur gjöld		0	0	0
Afskriftir		0	0	1.397.923
Fimleika events ehf.		1.520.000	0	23.325.849
Rekstrargjöld samtals		251.648.628	268.880.184	136.810.117
 Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		(17.759.619)	(13.154.671)	20.135.488
 Fjáreignatekjur og (fjármagnsgjöld):				
Vaxtatekjur		161.816	200.000	275.733
Vaxtagjöld og bankakostnaður		(60.507)	(100.000)	(394.072)
Gengismunur		1.312.108	1.000.000	
Hreinar fjármunatekjur		1.413.417	1.100.000	(118.339)
 Tekjuskattur		0	0	0
 Hagnaður (tap) ársins		(16.346.202)	(12.054.671)	20.017.149

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	'31.12.2021	'31.12.2020
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			

Skrifstofuáhöld og tæki 0 0

Veltufjármunir:

Viðskiptakröfur	12.422.142	6.401.087
Aöldafélög	7.364.132	15.289.170
Aörar skammtímakröfur	0	0
Minningasjóður Áslaugar	535.339	510.869
Greiðslukort	0	0
Afrekssjóður	1.838.314	2.394.205
Handbært fé	43.307.263	60.695.725
Veltufjármunir samtals	65.467.190	85.291.056

Eignir samtals	65.467.190	85.291.056
-----------------------	-------------------	-------------------

Eigið fé og skuldir

Hlutafé	500.000	500.000
Óráðstafað eigið fé	54.626.742	34.344.284
Eigið fé samtals	55.126.742	34.844.284

Langtímaskuldir:

Skuldir í erlendum gjaldmiöllum	0	0
Langtímaskuldir samtals	0	0

Skammtímaskuldir:

Viðskiptaskuldir	6.367.681	5.170.792
Ógreiddur kostnaður	0	5.000.000
Ógr. launatengd gjöld	2.825.945	3.314.656
Greiðslukort	1.128.022	332.664
Ógreiddur virðisaukaskattur	0	0
Ógreidd opinber gjöld	18.800	0
Skammtímaskuldir samtals	10.340.448	13.818.112

Skuldir alls 10.340.448 13.818.112

Eigið fé og skuldir samtals	65.467.190	48.662.396
------------------------------------	-------------------	-------------------

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður (tap) ársins		(16.346.202)	20.282.457
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		0	1.397.923
Afskriftir		(16.346.202)	21.680.380

Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		2.435.404	29.872.049
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(3.477.664)	(11.450.209)
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		(1.042.260)	18.421.840
Handbært fé frá rekstri		(17.388.462)	40.102.220

Aðrar hreyfingar:			
Leiðréttin viðskiptamanna		0	(1.397.923)
Aðrar hreyfingar samtals		0	(1.397.923)

Aðrar hreyfingar			
Lækkun hlutafjár		0	0
Handbært fé í árslok		43.307.263	60.695.725

Skýringar með ársreikningi

Grundvöllur reikningsskilanna

- Ársreikningur samstæðu félagsins er gerður í samræmi við lög um ársreikninga nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/1996. Ársreikningurinn byggir á reglum um kostnaðarverðsreikningsskil og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Reikningsskilaðferðir

Innlausn tekna

- Rekstrartekjur sem að mestu leyti eru vegna framlaga, styrkja, móta og leyfiskerfis, eru færðar í rekstrarreikning þegar unnið er til þeirra. Vaxtatekjur eru færðar til tekna í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi krafna.

Lotun gjalda

- Útgjöld eru færð í ársreikninginn þegar til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast. Vaxtagjöld eru færð til gjalda í samræmi við höfuðstól og skilmála vaxtaberandi skulda.

Erlendar eignir og skuldir

- Eignir og skuldir sem bundnar eru gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar í ársreikninginn miðað við árslokagengi. Eignir eru færðar á kaupgengi Seðlabanka Íslands en skuldir á sölugengi.

Varanlegir rekstrarfjármunir

- Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

Viðskiptakröfur

- Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði.

Handbært fé

- Sjóður og bankainnstæður sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða teljast til handbærs fjár.

Aðrar skýringar

Skipting launakostnaðar

- Skipting launa starfsmanna Firmeikasambands Íslands er skipt upp í fjögur svið sem eru, stjórnunarsvið, mótasvið, afrekssvið og fræðslusvið.

Sundurliðanir

1. Styrkir og framlög	Raun 2021	Áætlun 2021	Raun 2020
Ríkisstyrkur ÍSÍ	3.420.000	3.500.000	3.500.000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	5.387.415	2.890.271	4.996.342
Afrekssjóður ÍSÍ	56.050.000	56.050.000	46.704.084
Lottó	27.382.326	23.361.619	21.359.776
Ölympíusamhjálp, YOG/OG ofl.	0	0	2.207.160
Samstarfsaðilar	3.542.569	7.650.000	2.760.925
Fimleikasjóður	224.000	170.000	178.000
Aðrar tekjur	12.437.994	9.300.000	279.384
Styrkir og framlog samtals	108.444.304	102.921.890	81.985.671
2. Innlend mótt og sýningar	Raun 2021	Áætlun 2021	Raun 2020
FSÍ Mót	17.849.050	22.415.400	5.721.500
Önnur mótt	0	0	0
Framlag aðildarfélaga	13.909.000	15.715.000	2.840.000
Samstarfsaðilar	300.000	300.000	0
Aðrar tekjur	160.000	120.000	2.930.095
Innlend mótt og sýningar samtals	32.218.050	38.550.400	11.491.595
3. Alþjóðleg mótt og sýningar	Raun 2021	Áætlun 2021	Raun 2020
Áhaldafimleikar	3.090.000	5.062.000	0
Hópfimleikar	5.185.000	4.800.000	0
Fimleikar fyrir alla	606.000	0	(372.000)
Framlag aðildarfélaga	53.970.000	66.035.000	17.880.000
Aðrar tekjur	825.346	868.583	0
Alþjóðleg mótt og sýningar samtals	63.676.346	76.765.583	17.508.000
4. Námskeið og fræðsluefnir	Raun 2021	Áætlun 2021	Raun 2020
þjálfaranámskeið	2.475.000	6.839.000	3.578.500
Dómanámskeið	0	1.100.000	960.000
Önnur námskeið	0	800.000	0
Framlag aðildarfélaga	6.055.000	7.000.000	3.920.000
Aðrar tekjur	5.000.000	5.000.000	150.000
Námskeið og fræðsluefni samtals	13.530.000	20.739.000	8.608.500

Sundurliðanir

5. Leyfisherfi	Raun 2021	Áætlun 2021	Raun 2020
Kopar leyfi	5.374.800	5.200.000	10.017.600
Brons leyfi	1.118.600	1.700.000	3.187.500
Silfur leyfi	4.292.200	4.840.000	7.922.200
Gull leyfi	928.550	1.225.000	1.957.550
þjálfaraleyfi	431.000	750.000	798.000
Leyfisherfi samtals	12.145.150	13.715.000	23.882.850
6. Rekstrargjöld	Raun 2021	Áætlun 2021	Raun 2020
Skýr.			
Laun og launatengd gjöld	10	70.807.368	68.583.000
Hugbúnaðarkostnaður		1.613.233	1.312.594
Markaðsstarf		122.755	0
Prentun og rifþöng		82.407	100.000
Símaþokostnaður		309.995	270.000
Internetkostnaður		452.572	450.000
Samstarfsaðilar		0	(110.000)
Ferðakostnaður - UEG/FIG/Skrifstofa		0	(5.888.473)
Bókhaldskostnaður		1.860.000	150.000
Menntun starfssólkus		0	50.000
Gjafir		877.417	480.000
Uppskeruhátið		120.540	100.000
Þing		377.924	315.000
Fundarkostnaður		519.500	430.000
Tölvur og tæki		666.086	300.000
Húsaleiga		2.495.652	2.400.000
Tryggingar		259.829	100.000
Annar kostnaður		232.547	1.877.500
Rekstrargjöld samtals	80.797.825	76.918.094	50.168.727
Laun og launatengd gjöld FSÍ	70.807.368	68.583.000	49.803.067
Laun - önnur svið en stjórnunarsvið	(42.894.857)	(33.863.062)	(33.199.080)
Laun stjórnunarsviðs samtals	27.912.511	34.719.938	16.603.987
7. Innlend mótt og sýningar	Raun 2021	Áætlun 2021	Raun 2020
Dómarakostnaður	7.460.000	9.227.000	2.257.592
Endurgreitt til móttshaldara	2.470.750	3.564.542	899.091
Afsláttur móttshaldara af mótagj.	715.000	1.041.300	568.100
Verðlaun	1.179.723	1.419.880	636.444
Annar móttakostnaður	937.489	677.000	366.592
Húsaleiga	13.909.000	15.715.000	2.840.000
Tölvukostnaður	519.984	605.000	0
Ritþöng/prentun	0	50.000	0
Flutningskostnaður	0	0	0
Annar kostnaður	0	0	0
Innlent mótt og sýningar	27.191.946	32.299.722	7.567.819
Skipting launa vegna mótaþaldis	10.966.520	10.465.614	10.260.406
Innlent mótt og sýningar - skipting	38.158.466	42.765.336	17.828.225

Sundurliðanir

8. Alþjóðleg mótt og sýningar

	Raun 2021	Áætlun 2021	Raun 2020
Þáttökugjöld	3.413.731	1.480.400	195.178
Flug	15.512.837	14.664.000	2.598.443
Hótel	20.005.681	14.930.000	786.778
Búningakostnaður	6.837.315	9.960.000	1.893.459
Sjúkrakostnaður	1.281.511	610.000	109.114
Ferðakostnaður	1.082.184	1.320.000	845.290
Matur	2.051.962	4.330.000	325.544
Tryggingakostnaður	435.089	948.000	64.151
Laun landsliðspjálfara	10.964.000	9.542.500	6.440.000
Hæfileikamótun	7.690.497	8.695.000	4.442.239
Fagteymi	7.060.396	7.217.918	7.455.977
Styrkir	1.450.000	1.000.000	2.116.303
Húsaleiga	53.970.000	66.035.000	17.880.000
Annar kostnaður	321.852	1.213.000	359.733
Alþjóðleg mótt og sýningar samtals	132.077.055	141.945.818	45.512.209
Laun vegna alþjóðlegra móta og sýninga	17.189.157	15.872.158	15.560.939
Laun vegna fagteymis	1.909.906		
Alþjóðleg mótt og sýningar - skipting	151.176.118	157.817.976	61.073.148

9. Námskeið og fræðsluefnir

	Raun 2021	Áætlun 2021	Raun 2020
Húsaleiga	6.055.000	7.000.000	3.920.000
Matur	84.756	64.000	21.450
Tækjaleiga	0	600.000	0
Ferðakostnaður	177.775	260.000	97.746
Prentun	6.994	0	0
Kennsla	1.437.500	4.472.550	1.757.500
Túlkakostnaður	0	0	0
Námsefnisgerð	2.299.777	5.320.000	9.694
Annar kostnaður	0	0	0
Námskeið og fræðsluefnir samtals	10.061.802	17.716.550	5.806.390
Laun vegna námskeiða og fræðsluefnis	12.829.274	7.525.290	7.377.735
Námskeið og fræðsluefnir - skipting	22.891.076	25.241.840	13.184.125

10. Launagreiðslur

	Raun 2021	Áætlun 2021	Raun 2020
Fært á stjórnunarsvið	27.912.511	34.719.938	16.603.987
Fært á mótasvið	10.966.520	10.465.614	10.260.406
Fært á afrekessvið	19.099.063	15.872.158	15.560.939
Fært á fræðslusvið	12.829.274	7.525.290	7.377.735
Heildarlaunagreiðslur	70.807.368	68.583.000	49.803.067



Fimleikasamband
Íslands